

mótmælt, og heldur ekki, þótt málssóknin gæfi tilefni til þess, skýrt frá, hvaðan hann hafi fengið þau vínföng. Virðist því rjett, að áfrýjandi, ef hann á að geta losað við að greiða andvirði þeirra, 471 kr. 83 a., og 5% vexti af þeirri upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, vinni eið að því, að hann ekki hafi fengið þessi vínföng. Vinni hann eiðinn, á hann, að því nýnefnda upphæð snertir, að vera sýkn af kröfum stefnda, en ella ber honum að greiða hana, og virðist þá einnig rjett, að hann greiði stefnda málskostnað í hjerði með 15 krónum. — Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því, dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágústmán.

Nr. 11/1889

Filippus Filippusson

gegn

skiptaráðandanum í Rangárvallasýslu,
sýslumanni H. E. Johnsen.

D ó m u r :

Með stefnu, útgefinni 12. febr. þ. á., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins úrskurði, felldum 18. desbr. f. á. í skiptarjetti Rangárvallasýslu, út af ágreiningi

milli hans og annara hlutaðeigenda á skiptum á dánar- og fjelagsbúi Filippusar heitins Þorsteinssonar frá Bjólu og eptirlifandi ekkju hans, og hefur áfrýjandinn krafizt þess, að greindur úrskurður verði að öllu leyti úr gildi felldur, að kröfur áfrýjandans fyrir skiptarjettinum verði að öllu leyti til greina teknar og að hinn stefndi skiptaráðandi verði fyrir hönd ofanefnds dánar- og fjelagsbús dæmdur til að borga málskostnað allan fyrir undir- og yfirrjetti með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. — Stefndi hefur fallizt á, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, en mótmælt að öðru leyti fastlega kröfum áfrýjandans.

Í þrætu þeirri, er hinn áfrýjaði úrskurður dæmdu, komu allir hlutaðeigendur búsins, aðrir en áfrýjandinn, sem sje samarfar hans og ekkjan, fram sem mótpartar hans og undirskrifuðu málskjöl þau er fram voru lögð, en þó hefur aðeins skiptaráðandanum einum verið stefnt fyrir lúsins hönd, og engum af nefndum mótpörtum áfrýjandans, enda hafa þeir eigi látið mæta hjer fyrir rjettinum. Með því að þessi málsmeðferð er alveg ólögmet, verður ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og ber áfrýjanda eptir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda í málskostnað 30 krónur.

Þar sem umboðsmaður áfrýjanda hefur heimitað, að málsfærslumaður hins stefnda verði sektaður fyrir ýms ummæli í varnarskjölum hans, þykir rjettinum eptir atvikum eigi alveg nægileg ástæða til að taka þessa sektakröfu til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu víasast frá yfirdómi. Áfrýjandinn

Filippus Filippusson greiði stefnda, sýslumanni H. E. Johnsen, 30 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 28 1889

Klemens Jónsson fyrir hönd

F. A. Löve

gegn

Páli Þorkelssyni.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 7. marz þ. á. var hinn stefndi, gullsmiður Páll Þorkelsson, dæmdur til að greiða áfrýjandanum, cand. jur. Klemens Jónssyni fyrir hönd F. A. Löve klæðsala, eptirstöðvar af skuld til nefnds Löve, 360 kr. 85 a., með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi, 18. desbr. f. á., til borgunardags, og 10 kr. í málskostnað. Hefur áfrýjandinn krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dómur þessi verði staðfestur að öðru leyti en því, að frá hinni umstefndu upphæð, 360 kr. 85 a., megi draga 53 kr. 50 a., sem aunar maður hafi, eptir að dómur var fallinn á bæjarþinginu, tekið að sjer að greiða, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu, hefur aptur á móti krafizt að verða sýknaður af kröfum áfrýjandans og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða sjer 500 kr. í skaðabætur fyrir tímatöf og lánstraustspell, svo og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með þeirri upphæð, er yfirdómurinn álitur hæfilega.